

1980 nr. 46 28. maí**Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum**

Tóku gildi 1. janúar 1981. Breytt með l. 15/1986 (tóku gildi 12. maí 1986), l. 61/1990 (tóku gildi 31. maí 1990), l. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), l. 52/1997 (tóku gildi 1. okt. 1997); EES-samningurinn: XVIII. viðauki tilskipun 89/391/EBE og 94/33/EI, l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), l. 68/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003); EES-samningurinn: XVIII. viðauki tilskipun 89/391/EBE, 93/104/EI og 94/33/EI, l. 90/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 138/2005 (tóku gildi 30. des. 2005); EES-samningurinn: XVIII. viðauki tilskipun 2003/88/EB) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

- **1. gr.** Með lögum þessum er leitast við, að
 - a. tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
 - b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfrá sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.
- **2. gr.** Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

□ Undanþegin lögum þessum eru:

- a. siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin [Siglingastofnun Íslands],¹⁾ sbr. lög nr. 51/1970²⁾ og lög nr. 12/1976 um kafarastörf.³⁾ Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið [Siglingastofnunar Íslands],¹⁾ þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,
- b. loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir.⁴⁾ Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar,
- c. ...⁵⁾

¹⁾ L. 7/1996, 7. gr., sbr. 30. gr. ²⁾ Nú l. 6/1996. ³⁾ Nú l. 31/1996. ⁴⁾ Nú l. 60/1998. ⁵⁾ L. 68/2003, 1. gr.

- **3. gr.** Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

□ Lög þessi ná einnig til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um bord í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

□ Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð,¹⁾ að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

¹⁾ Rgl. 453/1991 (um vélknúin leikteki í skemmtigörðum). Rgl. 497/1994 (um notkun persónuhlífá). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlífá), sbr. rgl. 690/1998 og rgl. 584/1999. Rgl. 503/1994 (um lyfti- og flutningabúnað). Rg. 54/1995 (um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði). Rgl. 98/1996 (um áðabréða). Rgl. 99/1996 (um einföld þrýstihylki). Rgl. 108/1996 (um taki sem brenna gasi). Rgl. 571/2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 761/2001 (um vélar og tæknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um færarlegan þrýstibúnað), sbr. rgl. 782/2003. Rg. 668/2002 (um togbrautarbúnað til fólksslutninga), sbr. 510/2003. Rgl. 279/2003 (um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tekjabúnaðar til notkunar utanþúss), sbr. 1136/2008. Rg. 341/2003 (um fólksslyfur og fólk- og vörulyfut), sbr. 1003/2009. Rg. 465/2009 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyfum færarlegra vélá sem notaðar eru utan vega). Rg. 1005/2009 (um vélar og tæknilegan búnað).

II. kafli. Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja. Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

■ **4. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

■ **5. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öruggistrúnaðarmann. Peir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

■ **6. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi two fulltrúa og atvinnurekandi tilnefniwo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhættir og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi komi að tilætluðum notum.

□ Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öruggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna, sbr. 1. mgr. 4. gr., og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandaðum fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

■ **7. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öruggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

¹⁾ Rg. 920/2006. ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **8. gr.** Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

□ Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu [og heilsuvernd starfsmanna].¹⁾ Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhættir og öryggi á vinnustað, og þeir, sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

□ Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhættir og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum.

□ Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað.

¹⁾ L. 68/2003, 3. gr.

■ **9. gr.** Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum

aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljótast.

□ Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

■ **10. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

III. kaffi. . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 4. gr.

IV. kaffi. Almennar skyldur.

a. Skyldur atvinnurekanda.

■ **12. gr.** Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, sbr. 90. gr. laga þessara.

□ Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

□ Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

□ Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni, og skal það tilkynnt Vinnueftirlitnu hver það er.

■ **13. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fellsta öruggis og góðs aðbúnaðar og hollustuháttu á vinnustað. Sérstaklega er vísað til:

- a. V. kafla um framkvæmd vinnu,
- b. VI. kafla um vinnustaði,
- c. VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
- d. VIII. kafla um hættuleg efni og vörur,

[e. XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarskoðanir.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 5. gr.

■ **14. gr.** Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósá slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hætta af.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

¹⁾ Rg. 553/2004, sbr. 286/2006. ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **15. gr.** Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

■ **16. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öruggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafla þessara laga, geti orðið sem best, og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

■ **17. gr.** Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skulu fyrir komið.

¹⁾ Rg. 349/2004. Rg. 920/2006. ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **18. gr.** Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

■ **19. gr.** Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafla og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinslu úr þeim skýrslum krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um:

- a. fjölda starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
- b. vélar, vélahluta, geyma, flát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,

c. sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni,

d. aðrar upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

b. Skyldur verkstjóra.

■ **20. gr.** Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórnum og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

■ **21. gr.** Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefur umsjón með.

■ **22. gr.** Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öruggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

■ **23. gr.** Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öruggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

□ Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltað er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

c. Skyldur starfsmanna.

■ **24. gr.** Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu. [Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 6. gr.

■ **25. gr.** Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öruggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

■ **26. gr.** Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öruggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

□ Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öruggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuháttu, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öruggisverði, öruggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

■ **27. gr.** Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvandi vegna viðgerðar eða niðursetningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

■ **28. gr.** Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfrir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna. *d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.*

■ **29. gr.** Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, flát, katla, húseiningar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnurekstur, skal tryggja, að það, sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sérlísa- eða sjúkdóms-hættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

□ Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

□ Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

□ Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mælingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **30. gr.** Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn, eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar, og þegar við á, hver sé innflytjandinn.

■ **31. gr.** Sá, sem tekur að sér að setja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

□ Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

□ Verði sá, sem setur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

■ **32. gr.** Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., framleiðslusamstæðum, húsnaði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf

taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuháttu og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

□ Fylgja skal þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

■ **33. gr.** Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

■ **34. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um þau atriði, sem um er fjallað í 29.–33. gr.

□ Ákvæðin í 29.–33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ Rgl. 491/1987 (um varnir gegn loftmengun við málmsuðu). Rgl. 90/1989 (um garðslattuvélar o.fl.). Rgl. 453/1991 (um vélknúin leiktaeki í skemmtigördum). Rgl. 98/1996 (um úðabréða). Rgl. 99/1996 (um einföld þrýstihylki). Rgl. 377/1996 (um þrýstihylki). Rgl. 380/1996 (um saumlaus gashylki úr stáli). Rgl. 382/1996 (um samsoðin gashylki úr hreinu stáli). Rgl. 383/1996 (um saumlaus gashylki úr hreinu áli og áiblöndu). Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 571/2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 761/2001 (um vélar og teknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um færarlegan þrýstibúnað), sbr. rgl. 782/2003. Rgl. 279/2003 (um hávadæmengun í umhverfinu af völdum tekjubánaðar til notkunar utanhus). sbr. rgl. 1136/2008. Rg. 341/2003 (um fólksslyft og fólk- og vörulyftur), sbr. 1003/2009. Rg. 465/2009 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyfum færarlegra vélá sem notaðar eru utan vega). Rg. 1005/2009 (um vélar og teknilegan búnað). ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **35. gr.** [Félagsmálaráðherra getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ sem víkja frá kröfunum í 29.–33. gr. Slíkar ákvæðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

¹⁾ Rg. 571/2000. Rgl. 761/2001. Rgl. 762/2001, sbr. rgl. 782/2003. Rg. 341/2003, sbr. 1003/2009. Rg. 465/2009. Rg. 1005/2009. ²⁾ L. 68/2003, 7. gr.

e. *Skyldur verkata og fleiri.*

■ **36. gr.** Ef fleiri en einn verktaiki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollstu.

□ Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaaðila sem atvinnureknda samkvæmt lögum þessum.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins]¹⁾ um þessi atriði.

¹⁾ L. 68/2003, 8. gr.

V. *kafli. Framkvæmd vinnu.*

■ **37. gr.** Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuháttu.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **38. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins]²⁾ um, hváða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögur og framkvæmd vinnu, svo sem:

- a. um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluaðferðir, t.d. til þess að koma í veg fyrir hrun, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulta, ódauns, sýkingar af smitnænum sjúkdónum

eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags [eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða]³⁾ og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,

b. um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum,

c. um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,

d. um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishájma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislin, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalinn. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfast hans við vinnu sína,

[e. um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum]³⁾

¹⁾ Rgl. 491/1987 (um varnir gegn loftmengun við málmsuðum). Rgl. 90/1989 (um garðslátuvélar). Rgl. 453/1991 (um velknúin leiktaiki í skemmtigördum). Rgl. 497/1994 (um notkun persónuhlifa). Rgl. 498/1994 (um skjávinni). Rgl. 499/1994 (um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlifa), sbr. rgl. 690/1998 og rgl. 584/1999. Rgl. 578/1995 (um meðhöndlun á fjórtandi köfnunarefni). Rgl. 581/1995 (um húsnaði vinnustaða). Rgl. 707/1995 (um öryggis- og heilbrigðismerkri á vinnustöðum). Rgl. 98/1996 (um úðabrélsa). Rgl. 99/1996 (um einföld þrýstihylki). Rgl. 108/1996 (um tæki sem brenda gasi). Rgl. 377/1996 (um þrýstihylki). Rgl. 382/1996 (um samsödin gashylki úr hreinu áli og áblöndu). Rgl. 383/1996 (um saumaalns gashylki úr hreinu áli og áblöndu). Rgl. 547/1996 (um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstefanir á bygggingarvinnustöðum), sbr. rgl. 504/1999. Rgl. 552/1996 (um öryggisráðstefanir við jarðefnanám), sbr. rgl. 349/2003. Rgl. 553/1996 (um öryggisráðstefanir við jarðefnanám með borunum). Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 684/1999 (um sprengiefni). Rgl. 571/2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 761/2001 (um vélar og teknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um færarlegan þrýstibúnað), sbr. rgl. 782/2003. Rgl. 764/2001 (vernd gegn liffræðilegum skaðvöldum). Rgl. 98/2002 (vernd gegn heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu). Rgl. 279/2003 (um hávadamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhus). sbr. 1136/2008. Rgl. 341/2003 (um fólkstufur og fólk- og vörulýfur), sbr. 1003/2009. Rgl. 349/2004 (um sprengifimt andrímáloft á vinnustöðum). Rgl. 553/2004 (verndun starfsmanna gegn hætu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum), sbr. 286/2006. Rgl. 1000/2004 (um aðgerðir gegn einelti á vinnustöð). Rgl. 384/2005 (um vinnu í keldu rými við matvælaframleiðslu). Rgl. 920/2006 (skipulag og framkvæmd vinnuvenderdarlífars á vinnustöðum). Rgl. 921/2006 (varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum). Rgl. 922/2006 (varnir gegn álagi vegna vélraens tilrings á vinnustöðum). Rgl. 430/2007 (um bann við notkun asbestos á vinnustöðum). Rgl. 390/2009 (um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengunum á vinnustöðum). Rgl. 465/2009 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færarlegra vélá sem notaðar eru utan vega). Rgl. 1005/2009 (um vélar og teknilegan búnað).²⁾ L. 68/2003, 2. gr.³⁾ L. 68/2003, 9. gr.

■ **39. gr.** Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, [skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um að]¹⁾ hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir.

□ Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

¹⁾ L. 68/2003, 10. gr.

■ **40. gr.** [Félagsmálaráðherra setur reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um:

a. að störf, sem í kann að vera falin veruleg hætta á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lok- ð hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldrí,

b. ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bæklin þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,

c. takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,

d. vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnenda þeirra vélá og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, sbr. 58. gr. laga þessara,

e. önnur hliðstæð tilvik ótalín.

¹⁾ Rgl. 553/2004, sbr. 286/2006. Rgl. 920/2006. ²⁾ L. 68/2003, 11. gr.

VI. kafli. Vinnustaður.

■ **41. gr.** Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

■ **42. gr.** Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátt.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhátt og öryggi.

■ **43. gr.** [Félagsmálaráðherra setur reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m.a. fjalla um:

a. húsnæði, svo sem vinnurými, lofhæð, loftrými, gólf, veggi, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,

b. aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,

c. neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,

d. annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

¹⁾ Rgl. 581/1995. Rgl. 349/2004. Rgl. 553/2004. Rgl. 384/2005. ²⁾ L. 68/2003, 11. gr.

■ **44. gr.** Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis- og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, [setur félagsmálaráðherra sérstakar reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um, að áætlanir og hönnunar-gögн vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsettingu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði skuli lagðar fyrir Vinnueftirlit ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetting er gerð.

¹⁾ Rgl. 581/1995. Rgl. 384/2005. ²⁾ L. 68/2003, 12. gr.

VII. kafli. Vélar, tækjabúnaður og fleira.

■ **45. gr.** Aflvél merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

□ Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél.

□ Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

□ Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

□ Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

■ **46. gr.** Vélar, vélahlutar, flát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátt.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhátt og öryggi.

■ **47. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um gerð og notkun vélá, tækja og annars búnaðar, sem nota á við attvinnurekstur, svo sem um:

a. gerð, útfærslu, uppsettingu, tilkynningarskyldu og prófanir,

b. á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlit-
ið til umsagnar eða samþykktar áætlunar eða önnur gögn um
gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,

c. notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

¹⁾ Rgl. 475/1985 (um heftibyssur). Rgl. 476/1985 (um naglabyssur). Rgl. 153/1986 (um dráttarvélar og hlífabúnað við afflutting frá þeim), sbr. rgl. 424/1987, rgl. 561/1987 og rgl. 580/1995. Rgl. 90/1989 (um gardsláttavélar). Rgl. 453/1991 (um vélknún leikteki í skemmtigörðum). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlífa), sbr. rgl. 690/1998 og rgl. 584/1999. Rgl. 98/1996 (um úðabréða). Rgl. 99/1996 (um einföld þrýstihylki). Rgl. 108/1996 (um taki sem brenna gasi). Rgl. 377/1996 (um þrýsti-
hylki). Rgl. 380/1996 (um saumlaus gashylki úr stál). Rgl. 382/1996 (um samsöðin gashylki úr hreinu stál). Rgl. 383/1996 (um saumlaus gashylki úr hreinu áli og áblöndu). Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 609/1999 (um öryggisbúnað krama og lyfibúnaðar), sbr. rgl. 236/2001. Rgl. 571/2000 (um þrýsti-
búnað). Rgl. 761/2001 (um vélar og teknilegan bínað). Rgl. 762/2001 (um fær-
anlegan þrýstibúnað), sbr. rgl. 782/2003. Rgl. 279/2003 (um hávadæmungin í um-
hverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanþúss), sbr. 1136/2008. Rgl. 341/
2003 (um fólkstýfur og fólk- og vörulyfur), sbr. 1003/2009. Rgl. 349/2004 (um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum). Rg. 553/2004 (verndun starfsmanna gegn hettu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum), sbr. 286/2006. Rg. 367/2006 (um notkun tækja). Rg. 465/2009 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyfum fíranlegra vélá sem notanda eru utan vega). Rg. 1005/2009 (um vélar og teknilegan bínað). ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **48. gr.** [Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun tegund vélá, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlysingar um samræmi eða prófunarskýrlur, sem sett eru samkvæmt lögum þessum, sérreglum sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndum stöðum er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahags-
svaðisins.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um kröfur sem tegund vélá, tækja eða annars búnaðar verður að uppfylla til þess að teljast örugg og þær aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi tegundar við settar reglur.²⁾

¹⁾ Rg. 1005/2009 (um vélar og teknilegan bínað). ²⁾ L. 68/2003, 13. gr.

■ **[48. gr. a.]** Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum vélá, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúi hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

□ Telji Vinnueftirlit ríkisins tegund vélá, tækja eða annars búnaðar sérstaklega hættulega getur það krafist afturköllunar allra eintaka hennar. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af slíkri afturköllun.

□ Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi og heilsu fólk eða eigna stafi hætta af einhverri tegund vélá, tækja eða annars búnaðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar túmabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þótt tegundin uppfylli formskilyrði laga þessara og viðkomandi sérreglna. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hefja rannsókn á öryggi tegundar án ástæðulausa dráttar. Þá er heimilt að fram lengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði fram lengt. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna tegundar sem eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

□ Þegar Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað tegund skv. 1.–
3. mgr. er því heimilt að skylda framleiðendur og dreifing-

araðila til að eyðileggja öll eintök tegundar með öruggum hætti eða skylda þá, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra tegundina þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda sams konar tegund vélar, taðis eða annars búnaðar eða endurgreiða andvirði hennar.

□ Torveldi atvinnurekandi, framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn og skoðun Vinnueftirlits ríkisins á viðkomandi tegund eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar er stofnuninni heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar.

□ Þegar tegund er ekki í samræmi við settar reglur skal framleiðandi eða fulltrúi hans bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 14. gr.

■ **49. gr.** Hvers konar vélar, tæki og búnað, sem getið er um í 46. gr., nema bifreiðar og vélar, sem lúta örðrum lögum, skal skrá og skoða samkvæmt nánari fyrirmælum í reglum,¹⁾ [sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, og í samráði við forstjóra].²⁾

□ [Félagsmálaráðherra setur gjaldskrá, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla, búvela, lyftna og lyftubúnaðar, rullustiga, geyma, þrýstihylkjá og katla, þar á meðal um aukaskoðun sem þarf að gera ef vanbúnaður kemur í ljós við reglubundna skoðun og aukaskoðun vegna uppfyllingar, breytinga eða viðgerða á framangreindum vélum, tækjum eða örðrum búnaði sem eru með gilda reglubundna skoðun].²⁾

□ [Félagsmálaráðherra setur reglur,³⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í örðrum lögum.

¹⁾ Rgl. 153/1986, sbr. rgl. 424/1987, rgl. 561/1987 og rgl. 580/1995. ²⁾ L. 68/2003, 15. gr. ³⁾ Rg. 198/1983 (um réttindi til að stjórnar vinnuvélum), sbr. 300/1995, 24/1999, 816/2000 og 883/2002.

VIII. kaffli. Hættuleg efni og vörur.

■ **50. gr.** [Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnauárgangur eða spilliefni, þar með talin sprengifim efni, eldfim efni og sprengiefni, eru notuð eða kunna að vera notuð skal atvinnurekandi gaða þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum sé beitt sem trygga að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum.

□ Þegar áhættumat skv. 65. gr. a gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna hættulegs efnis, efnavöru, efnauárgangs eða spilliefna skal atvinnurekandi sjá til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við hættuleg efni eða efnavörur.

□ Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Hann skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni eða efnavöru sem teljast hættulaus eða síður hættuleg heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem þau eru notuð.

□ Mengun á vinnustað skal ekki fara yfir gildandi mengunarmörk efnis. Þegar mengun stafar frá fleiri en einu efni eða efnavöru skal tekið tillit til samverkandi áhrifa.

□ Efni eða efnavara sem stofnar eða getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skal vera í öruggum umbúðum

á vinnustöðum. Hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skulu geymd með öruggum hætti á vinnustað.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 16. gr.

■ **51. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem við framkvæmd vinnu nota að staðaldi eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr. Í eiturefnaleyfi skal tilgreina þau efni sem leyfið nær til. Þetta ákvæði á ekki við um eiturefnaleyfi fyrir varnarefni, nagdýra- og skordýraefit. Vinnueftirlit ríkisins skal árlega láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um leyfishafa og um hvaða eiturefni leyfið á við.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að merkingar, notkun, geymsla og flutningur efnis og efnavöru á vinnustöðum fullnægi gildandi lögum, reglum og viðurkendum stöðlum. Vinnueftirlitinu er heimilt að banna framleidslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavora á vinnustöðum þegar það þykir sýnt að heilsu manna er hættu búin. Sama á við um efni þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

□ Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning efna og efnavöru á vinnustöðum og notkun þeirra sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum].²⁾

¹⁾ Rgl. 578/1995 (um meðhöndlun á fljótandi köfnunarefni). Rgl. 764/2001 (vernd gegn líffræðilegum skaðvöldum). Rgl. 98/2002 (vernd gegn heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stókkbreytingu). Rg. 553/2004 (verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum), sbr. 286/2006. Rg. 430/2007 (um bann við notkun asbests á vinnustöðum). Rg. 390/2009 (um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum). ²⁾ L. 68/2003, 17. gr.

■ **[51. gr. a.]** Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavorur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hættu fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að viðeigandi skilyrðum sé fullnaegt og að nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á slysi, sbr. 1. mgr., hafi verið gerðar.

□ Félagsmálaráðherra skal skipa sérstaka fjögurra manna samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði að fengnum tilnefningum frá Brunamálastofnun, Almannavörnum ríkisins, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

□ Hlutverk nefndarinnar er að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys í iðnaði ber að höndum.

□ Félagsmálaráðherra setur reglugerð¹⁾ um varnir gegn og viðbrögð við slíkum slysum á vinnustöðum að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði].²⁾

¹⁾ Rg. 160/2007, sbr. 33/2009. ²⁾ L. 68/2003, 18. gr.

IX. kafli. [Hvíldartími, frídagar og hámarksinnutími.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ **[52. gr.]** Í kafla þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími*: Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.

2. *Hvíldartími*: Sá tími sem ekki telst til vinnutíma.

3. *Næturvinnutími*: Tímabil sem ekki er skemmra en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

4. *Næturvinnustarfsmáður* er:

a. starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða

b. starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

5. *Vaktavinna*: Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.

6. *Vaktinnustarfsmáður*: Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ **[52. gr. a.]** Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. þá sem starfa við flutning á vegum og falla undir [lög og reglugerðir sem fjalla]¹⁾ um aksturs- og hvíldartíma öku-manna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,

2. ...,¹⁾

3. æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,

4. sérstakar aðstæður sem tengast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegrí öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarна].²⁾

¹⁾ L. 138/2005, 1. gr. ²⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ **[53. gr.]** Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

□ Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að styttu samfelldan hvíldartíma í allt að áttu klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúrafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

□ Sé daglegur hvíldartími styttr skv. 2. eða 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar].¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ **[53. gr. a.]** Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins].¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ **[54. gr.]** Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.

□ Ef sérstök þörf er á vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að

fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

□ Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orku-skortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [55. gr. Hámarksþinnutími starfsmanna á viku að yfir-vinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

□ Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksþinnutíma starfsmanna út frá við-miðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

□ Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarks-þinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunar-tímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

□ Einungis vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarks-orlof samkvæmt lögum og veikindaföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [56. gr. Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukku-stunda tímabili.

□ Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglu-legastur.

□ Um viðmiðunartímabili og viðmið við útreikning á með-alvinnútíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

□ Næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusönum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

□ Félagsmálaráðherra skal setja reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvað teljist sérstaklega áhættusööm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [57. gr. Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufars-vandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [58. gr. Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirlits ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

X. kafli. Vinna barna og unglings.

■ 59. gr. [Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrir-tækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

□ Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 2. gr.

■ 60. gr. [Börn má ekki ráða til vinnu.

□ Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttar- eða auglýsingastarfsemi. Sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afta leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.

b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem létttra garðyrkj- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 3. gr.

■ 61. gr. [Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafla þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 4. gr.

■ 62. gr. [Óheimilt er að ráða ungmanni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

a. Vinnu sem líklega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.

b. Vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.

c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.

d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglings geti átt í erfðoleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.

e. Vinnu sem felur í sér hætta fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumíkils kulda, hita, hávaða eða titrings.

f. Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hætta að því undanskildu að ungmannin starfi með fullorðnum.]¹⁾

□ Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglings.]²⁾

¹⁾ L. 68/2003, 20. gr. ²⁾ L. 52/1997, 5. gr.

■ 63. gr. [Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukku-stundir.

c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skól-inn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15

ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

□ Virkur vinnutími unglings er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.

□ Ef daglegur, virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglungur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 6. gr.

■ [63. gr. a. Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6. Óheimilt er að láta unglings vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglingsnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta unglings vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingsnar fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþróttu eða auglýsinga.

□ Unglingar eiga, ádur en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slískrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 7. gr.

■ [63. gr. b. Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

□ Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglingsar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfellt ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingsnar fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótel- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 8. gr.

■ [63. gr. c. Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað er heimilt að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglings að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem polir enga bið, ekki sé umt að fá fullorðna starfs-

menn til starfans og unglingsarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 9. gr.

■ [63. gr. d. Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 10. gr.

■ [63. gr. e. Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram ádur en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 11. gr.

■ [63. gr. f. Ráðherra skal [að fenginni umsögn]¹⁾ stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur²⁾ um leyfisveitingar skv. a-lið 2. mgr. 60. gr., heimild til að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skv. b-lið 2. mgr. 60. gr., hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin skv. c-lið 2. mgr. 60. gr., skilyrði og takmörk vegna frávika skv. 3. mgr. 63. gr., frávik skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. a og 2.–4. mgr. 63. gr. b og um framkvæmd 62. gr., 63. gr. c og 63. gr. e.]³⁾

¹⁾ L. 68/2003, 21. gr. ²⁾ Rg. 426/1999. ³⁾ L. 52/1997, 12. gr.

XI. kafli. [Áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 30. gr.

■ 64. gr. Rækja skal atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um heilbrigðisþjónustu í samvinnu við heilbrigðisyfirlöld.

■ 65. gr. [Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu, sbr. 65. gr. a, og áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin vera aðgengileg hjá atvinnurekanda fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.

□ Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum hennar.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um skipulag eftirlitsins.]²⁾

¹⁾ Rg. 1000/2004. Rg. 920/2006. ²⁾ L. 68/2003, 22. gr.

■ [65. gr. a. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öruggis og heilsu starfsmanna og áhættuþáttu í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litíð til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum.

□ Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um áhættumat að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, þar á meðal

um áhættumat fyrir sérstaka áhættuþætti og gerð og frágang skjala sem tengjast því.²⁾

¹⁾ Rg. 349/2004. Rg. 553/2004, sbr. 286/2006. Rg. 1000/2004. Rg. 384/2005. Rg. 920/2006. Rg. 921/2006. Rg. 922/2006. ²⁾ L. 68/2003, 23. gr.

■ **66. gr.** [Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlunum heilsuvernd sem byggð er á áhættumati, sbr. 65. gr. a, þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal um aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

□ Markmið heilsuverndar er að:

a. stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,

b. stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhvæfni,

c. draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað,

d. stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

□ Í áætlun um forvarnir skal koma fram lýsing á hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnunum eða efnablöndum, notkun öruggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttungum á vinnustað eða öðrum forvörnum. Skal leggja áherslu á almennar ráðstafanir áður en gerðar eru ráðstafanir til verndar einstökum starfsmönnum.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um heilsuvernd, þar á meðal um heilsuvernd sem tekur mið af sérstökum áhættubáttum, forvarnir með hliðsjón af eðli starfa, stærð vinnustaða og gerð og frágang skjala sem tengjast áætlun um heilsuvernd.]²⁾

¹⁾ Rg. 931/2000 (öryggi og heilbrigði kvenna sem eru þungaðar, hafa nýlega aðið barn eða hafa barn á brjósti). Rg. 349/2004 (um sprengifint andrúmslofti á vinnustöðum). Rg. 553/2004 (verndur starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum), sbr. 286/2006. Rg. 1000/2004 (um aðgerðir gegn einelti á vinnustöð). Rg. 384/2005 (um vinnu í keldu rýni við matvælaframleiðslu). Rg. 920/2006 (skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum). Rg. 921/2006 (varnir gegn álagi vegna hávada á vinnustöðum). Rg. 922/2006 (varnir gegn álagi vegna vélrangs titrings á vinnustöðum). ²⁾ L. 68/2003, 24. gr.

■ **[66. gr. a.]** Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Enda þótt atvinnurekandi njóti þjónustu slíksa aðila ber hann engu að síður ábyrgð á að áætlunin sé gerð og henni fylgt eftir.

□ Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.

□ Þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á svíði öruggis og heilbrigðis á vinnustöðum skal hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi þekkingu á heilbrigðissviði, í félagsvísindum,

á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði þannig að þeir séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafraðilegra, líffraðilegra, vistfræðilegra og sálfræðilegra þáttu. Að öðrum kosti er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að takmarka viðurkenningu skv. 2. mgr. við ákveðna tegund starfsemi.

□ Þjónustuaðila er heimilt að gera samninga við aðra aðila um einstaka þætti vegna þjónustu skv. 3. mgr. Skulu þeir aðilar uppfylla skilyrði þau sem sett eru fyrir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Samningar þessir skulu liggja fyrir þegar óskað er eftir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins skv. 2. mgr.

□ Þjónustuaðili skal gæta trúnaðar í starfi sínu. Hann skal fara með allar upplýsingar sem hann kemst að í starfi sínu og varða persónuleg mállefni og einkahagi starfsmanna sem trúnaðarmál. Sama gildir um upplýsingar er tengjast fyrirtækjum er hann starfar fyrir.

□ Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað skulu fullnægja.]²⁾

¹⁾ Rg. 920/2006. ²⁾ L. 68/2003, 25. gr.

■ **67. gr.** [Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

□ Í reglum¹⁾ sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli gerðar að teknu tilliti til starfsumhvæfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.]²⁾

¹⁾ Rg. 920/2006. Rg. 921/2006. Rg. 922/2006. ²⁾ L. 68/2003, 26. gr.

■ **68. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérþekkingu er tengist starfinu.]¹⁾

□ Verkefni hans er:

a. að vera tengiliður Vinnueftirlits ríkisins við heilbrigðisyfirlöld,

b. að veita forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild, sbr. 73. gr. laga þessara,

c. að sjá um, að haldin sé skrá yfir atvinnusjúkdóma, vinnuslys og eitranir, sbr. 78. gr., staflið f og 81. gr. laga þessara,

d. að vinna að þeim málum öðrum, er snerta heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, eftir nánari ákvörðun [forstjóra]¹⁾ Vinnueftirlits ríkisins.

¹⁾ L. 68/2003, 27. gr.

■ **69. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að heilsuverndar-eftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna.

□ Starfsmönnum og fyrrverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma.

■ **70. gr.** [Félagsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],¹⁾ um læknisskoðun barna og unglings undir 18 ára aldrí, þegar þau

hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skóla-læknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

¹⁾ L. 68/2003, 28. gr.

■ **71. gr.** Ef einstakir starfsmenn eða hópar manna vinna við skilyrði, er talist geta varasöm heilsu þeirra eða öryggi, skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um, að jafnframt eftirliti með starfsmönnum sé veitt aukin fræðsla um þá slysa- og/eða sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starfsumhverfi þeirra, sbr. 14. gr. og 78. gr., staflið e, laga þessara.

■ **72. gr.** Séu af hálfu þeirra aðila, sem fara með gæðaeftirlit á vinnustöðum vegna matvælaframleiðslu, gerðar aðrar kröfur en þær, sem Vinnueftirlit ríkisins gerir um læknisskoðun og aðrar rannsóknir með tilliti til heilbrigðis starfsmanna, [skal Vinnueftirlit ríkisins]¹⁾ taka tillit til slíksra sérþarfa við ákvörðun á umfangi læknisskoðunar og annarra rannsókna.

¹⁾ L. 68/2003, 29. gr.

XII. kaffli. Vinnueftirlit ríkisins.

■ **73. gr.** [Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mala samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 31. gr.

■ **74. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnsýslu og eftirlit á því sviði er löginn ná til.]

□ Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni.

□ [Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar.]²⁾

□ Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og innloftspáttum, skoðun á leiktaekjum og verkpöllum, átaks-prófanir, námskeið og próf, útgáfu skírteina og leyfa og útgáfu- og fræðsluefni samkvæmt gjaldskrá sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.]²⁾

¹⁾ L. 90/2004, 13. gr. ²⁾ L. 68/2003, 32. gr.

■ **75. gr.** [Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara,
- b. veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf,
- c. veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.-6. gr., leiðbeiningar í störfum þeirra,
- d. afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað,
- f. veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- g. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,
- h. vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar,
- i. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,

j. sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,

k. annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,

l. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 33. gr.

■ **76. gr.** [Félagsmálaráðherra skipar stjórni Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, two stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og two tilnefndan af Samtökum attvinulífsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og er félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um mál er heyra undir lög þessi.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 34. gr.

■ **77. gr.** [Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina, að fenginni rökstuddri tillögu stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í því skyni að vinna að tillögum um úrbætur í málum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum innan viðkomandi starfsgreinar.

□ Samtök aðila vinnumarkaðarins innan tiltekinnar starfsgreinar tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið og velja þeir sér sjálfir formann og varaformann. Félagsmálaráðherra ákveður skipunartíma sérvvers ráðs sem þó skal aldrei vara lengur en fjögur ár í senn. Vinnuverndarráð starfsgreina skulu senda tillögur sínar til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sem fjallar sérstaklega um þær og veitir félagsmálaráðherra umsögn um þær.

□ Kostnaður af starfsemi vinnuverndarráða starfsgreina skal greiðast af tekjum Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 3. mgr. 74. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 35. gr.

■ **78. gr.** [Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Híð sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitnesku um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

□ Vinnueftirlit ríkisins, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.-6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu hafa aðgang að skránni.

□ Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa, óhappa og sjúkdóma.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 36. gr.

■ **79. gr.** [Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.]

□ Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

□ Læknir, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengd-an sjúkdóm eða hafi orðið fyrir örðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlits ríkisins.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum sem henni berast.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um tilkynningu slysa að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.]²⁾

¹⁾ Rg. 612/1989. Rg. 921/2006. Rg. 922/2006. ²⁾ L. 68/2003, 37. gr.

■ **80. gr.** [Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.]

□ Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

□ Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hætta búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun. □ Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hætta er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 38. gr.

■ **81. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins skal rannsaka orsakir slysa, óhappa og mengunar sem tilkynnt er um skv. 79. og 80. gr. í þeim tilgangi að stuðla að því að komið sé í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á vinnustöðum.]

□ Þegar Vinnueftirliti ríkisins hefur borist tilkynning skulu starfsmenn þess fara á staðinn án ástæðulauss dráttar til að hefja vettvangskönnun. Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða áður en vettvangskönnun hefur farið fram. Telji Vinnueftirlitið ekki þörf á sérstakri vettvangskönnun skal það tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 39. gr.

■ **82. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með að atvinnurekundur, er lög þessi taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrtækin til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Skulu þeir enn fremur sína markaðsgæslu og markaðseftirliti í eftirlitsheimsóknum sínum. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu sýna skilríki um starf sitt.]

□ Í eftirlitsheimsóknum skulu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans og

þá aðila sem starfa að vinnuvernd innan fyrtækja, sbr. 4.–6. gr., og skulu þeir gefa allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið. Enn fremur er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt að krefja aðra starfsmenn sem eru í vinnu eða hafa verið í vinnu einhvern tíma síðstu þrjá mánuði um sömu upplýsingar.

□ Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hafa aðgang að skjölum eða örðum gögnum sem eiga að vera fyrir hendi innan fyrtækja samkvæmt lögum þessum.

□ Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins er heimilt að leita aðstoðar löggreglu við eftirlitið þegar slíkt gerist nauðsynlegt.

□ Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu halda skrá yfir eftirlitsheimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrimæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Skal atvinnurekanda afhent afrit af þeim hluta skrárinnar er viðkemur starfsemi hans.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákvæðið að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins verði falin annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 40. gr.

■ **83. gr.** Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta örðum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

□ Starfsmenn Vinnueftirlitsins mega ekki láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans, að eftirlitsferð sé gerð vegna umkvörtunar.

■ **84. gr.** Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfaring á vanbúnaði eða örðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við löginn, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfseminni eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.

■ **85. gr.** Telji Vinnueftirlitið að veruleg hætta sé á ferðum fyrir liff eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

□ Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

■ **86. gr.** Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verksstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitradra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.

□ [Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfr, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann

eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öruggistrúnaðarstarf.

□ Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.]¹⁾

□ Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

¹⁾ L. 68/2003, 41. gr.

■ **87. gr.** [Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákeðið að sa eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.]

□ Dagsektir mega nema allt að 100.000 krónum á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsektar skal meðal annars taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

□ Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsektar til félagsmálaráðuneytis innan fjórtán daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar.

□ Ákværðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfarahæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis frestar aðför.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 42. gr.

■ **88. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 43. gr.

■ **89. gr.** Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álíts meðráðherra sinna.

XIII. kafli. Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

■ **90. gr.** Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

□ Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

■ **91. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýrir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækjar eru hjá [ríkisskattstjóra]¹⁾ og öðrum opinberum aðilum.

□ Vinnueftirlit ríkisins hefur samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

¹⁾ L. 17/2003, 12. gr.

■ **92. gr.** Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem löggreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

■ **93. gr.** Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits rík-

isins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir [fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins].¹⁾

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 44. gr.

■ **94. gr.** Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu vela, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum, [gildandi reglum og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins].¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 45. gr.

■ **95. gr.** Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðulum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],¹⁾ um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

¹⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **96. gr.** Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

□ Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra . . .¹⁾ Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

¹⁾ L. 68/2003, 46. gr.

■ **97. gr.** Sé öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefur aftað sér annarra tilskilinna leyfa.

XIV. kafli. [Kærumeild.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 47. gr.

■ **98. gr.** Heimilt er að kæra ákværðanir Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

□ Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 47. gr.

XV. kafli. Refsiákvæði.

■ **99. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

□ Sektir renna í ríkissjóð.

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

XVI. kafli. Gildistaka.

- **100. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. . . .
- **Bráðabirgðaákvæði.**

1. . . .

2. . . .

3. Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð¹⁾ um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn. Skal þar m.a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.

4. . . .

5. [Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnu-markaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fyrir árslok 1990.]²⁾

[6. Félagsmálaráðherra skal skipa nýja stjórn Vinnueftirlits ríkisins innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara og fellur þá niður umboð fyrri stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Hin nýja stjórn tekur við verkefnum fráfarandi stjórnar sem lúta að faglegri stefnumótum Vinnueftirlits ríkisins en stofnumin tekur við örðrum verkefnum hennar.]³⁾

[7. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 55. gr. laganna skal hámarks-vinnutími lækna í starfsnámi á viku að yfirvinnu meðtalinni ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili fram til 31. júlí 2007. Á tímabilinu 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2009 skal hámarks-vinnutími lækna í starfsnámi skv. 1. málsl. ekki vera umfram 56 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Vinnuveitandi skal hafa samrás við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður við komið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartíma-bilinu. Hlutaðeigandi samtökum aðila vinnumarkaðarins er jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun

vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartíma-bilinu. Að öðru leyti gildir 55. gr. laganna um lækna í starfsnámi.

8. Reglur þær sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setti fyrir gildistöku laga nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglur eru settar af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.]⁴⁾

¹⁾ Rg. 288/1981. ²⁾ L. 15/1986, 1. gr. ³⁾ L. 68/2003, brbákv. Lögin tóku gildi 7. apríl 2003, sbr. 49. gr. s.l. ⁴⁾ L. 138/2005, 2. gr.

[Í 48. gr. laga nr. 68/2003 um breytingu á lögum þessum er svofellt ákvæði:]

□ Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, og tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, sem vísað er til í 29. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/96.

[Í 3. gr. laga nr. 138/2005 um breytingu á lögum þessum er svofellt ákvæði:]

□ Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 32. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 45/2004, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma bannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.